



***Reglugerð
sjómannaþeildar
AFLs - Starfsgreinafélags***

Efnisyfirlit:

<i>Reglugerð sjómannadeildar AFLs - Starfsgreinafélags</i>	1
1. gr. Tilgangur	3
2. gr. Félagar	3
3. gr. Verkefni deildarinnar	3
4. gr. Aðalfundur	3
5. gr. Stjórn	3
6. gr. Rekstur	3
7. gr. Fundargerð	3
8. gr. Breytingar á reglum	3

1. gr. Tilgangur

Tilgangur deildarinnar er að gæta hagsmuna sjómanna á félagssvæði AFLs - Starfsgreinafélags í samræmi við lög og samninga.

2. gr. Félagar

Deildina skipa þeir félagar AFLs - Starfsgreinafélags sem á hverjum tíma starfa á bátum og skipum á félagssvæðinu.

3. gr. Verkefni deildarinnar

Verkefni deildarinnar skulu vera:

- a) Að vinna að undirbúningi og gerð kjarasamninga fyrir meðlimi deildarinnar við útgerðarmenn eða samtök þeirra.
- b) Að vinna að því að aðbúnaður og vinnuumhverfi í atvinnugreininni sé alltaf í samræmi við gildandi lög og samninga.
- c) Að vinna að eflingu starfsþjálfunar og menntunar í atvinnugreininni.
- d) Að kjósa fulltrúa á Sjómannasambandsþing.
- e) Að annast önnur mál, sem snerta atvinnugreinina sérstaklega.

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur deildarinnar skal haldinn í desember ár hvert. Á aðalfundi skal flytja skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár og stjórn skal kosin. Halda skal minnst tvo stjórnarfundum á ári. Stjórnarfundur skal halda ef einn stjórnarmaður óskar eftir því. Almennan deildarfundur skal halda þegar stjórn telur ástæðu til. Þó skal halda deildarfundur ef minnst 10 félagar óska eftir fundi. Aðalfundur skal boðaður með auglýsingu með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega hefur verið til hans boðað.

5. gr. Stjórn

Stjórn deildarinnar skal skipuð 5 mönnum og 3 til vara. Kjósa skal formann fyrst, þá varaformann síðan ritara því næst 2 meðstjórnendur og að lokum þrjú í varastjórn.

6. gr. Rekstur

Deildin hefur ekki sjálfstæðan fjárhagslegan rekstur. Ákvarðanir deildarinnar sem hafa fjárútlát í för með sér, þurfa samþykki aðalstjórnar félagsins.

7. gr. Fundargerð

Halda skal fundargerðabók, þar sem í eru skráðar allar fundargerðir og samþykktir deildarinnar. Ritari skal rita fundargerðir. Þó er heimilt að annar félagsmaður riti með samþykki fundarmanna. Formaður og fundarritari undirrita fundargerðir almennra deildarfunda og aðalfunda. Formaður stjórnar deildarfundum, og aðalfundum nema að hann óski eftir því að fundurinn samþykki annan fundarstjóra. Formaður kallar saman stjórn deildarinnar og skal stjórna stjórnarfundum. Stjórnarmenn skulu allir rita nöfn sín undir fundargerðir stjórnarfunda.

8. gr. Breytingar á reglum

Reglur þessar skulu hljóta staðfestingar Sjómannasambands Íslands. Breytingar á reglum þessum má einungis gera á aðalfundi deildarinnar í samræmi við lög félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, og þurfa þær staðfestingar stjórnar AFLs - Starfsgreinafélags og Sjómannasambands Íslands.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann 28. apríl 2007.